

Mennta- og barnamálaráðuneyti
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík

EFNI: UMSÖGN VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ÝMSUM LÖGUM Í ÞÁGU BARNNA (SAMÞÆTTING ÞJÓNUSTU O.FL) – 153. LÖGGJAFARÞING 2022-2023. ÞINGSKJAL 1452 – 922. MÁL.

UMFÍ tekur nú sem fyrr heilshugar undir allt það sem bætir farsæld og velferð barna og ungmenna og veitir þeim aukin tækifæri til þátttöku. Allar opnar dyr eru til þess fallnar að bæta mannlífið, bæði í heild og einstaklingana. Farsældin er gott leiðarljós. Í fyrri vinnu við frumvarpið vöktum við sérstaklega athygli á 40. og 41. greinum þess, þar sem annars vegar er fjallað um markmið íþróttastarfs með börnum og breytta nálgun og áherslu á samfellu og samþættingu í þjónustu með það að markmiði að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Og svo hins vegar viðbættu ákvæði þar sem áréttuð er sérstök skylda aðila sem starfa á grundvelli laganna til að fylgjast með og bregðast við þörfum barna.

Markmið ráðuneytisins eru afar jákvæð og metnaðarfull. Mikilvægt er að innan íþróttahreyfingarinnar sé unnið að þessum markmiðum enda ljóst að til þess að unnt sé að skapa heildarsýn og samfellu í þjónustu í þágu barna þurfa allir aðilar að vinna að sama markmiði.

BREYTT ÍÞRÓTTAHERUÐ Í ÞÁGU BARNNA

Við hjá UMFÍ höfum trú á að lausnin geti verið að stórum hluta fólgin í breytingu og aðkomu íþróttahéraða til að bæta og jafna farsæld barna um allt land. Við bendum á að á þingi ÍSÍ um liðna helgi voru samþykktar tillögur starfshóps ÍSÍ og UMFÍ um breytingu á fyrirkomulagi íþróttahéraða. Þau eru nú 25 talsins og hefur bæði skipulag þeirra og fyrirkomulag verið óbreytt um áratugaskeið. Þess í stað hefur starfsemi héraðanna þróast hvert með sínum hætti.

Sambærilegar tillögur og voru samþykktar á þingi ÍSÍ verða lagðar fram á þingi UMFÍ í haust.

Hugmyndin er að koma á fót sameiginlegum starfsstöðvum vítt og breytt um landið sem hafa það samræmda hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin í sínu nærumhverfi.

Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni og viðbragðsflýti innan íþróttahreyfingarinnar. Það muni einfaldlega styrkja

stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðla þannig að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu hreyfingarinnar.

Þetta er nálgun sem á að bæta samfélagið og hvetjum við stjórnvöld til að styðja íþróttahreyfinguna í þessu máli.

Efling íþróttahéraða er jafnframt í samræmi við stefnu mennta- og barnamálaráðuneytis í málaflokknum. Að mati okkar hjá UMFÍ er þetta sterkasta og árangursríkasta leiðin til að ná markmiði laga í þágu barna.

Við áréttum nú sem í fyrri umsögn okkar mikilvægi þess að leiðarvísar og verkfæri fylgi með öllum þeim lögum er varða farsæld barna. Ekki nægir að segja fólk að vera með. Verkfærin til að vinna málið og varða leiðina verða að fylgja með svo aðrir geti fylgt á eftir og farnast vel.


Það er samfélaginu til góða.

SAMAN ERUM VIÐ ÖLL BETRI

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga og sjálfstæð félagasamtök skv. íþróttalögum. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907.

Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja að sem flest börn fái tækifæri til að blómstra. Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

Með ungmennafélagskveðju,



Auður Inga Þorsteinsdóttir

framkvæmdastjóri UMFÍ